



# Jafnréttisáætlun Vestmannaeyjabæjar 2019-2023

## Inngangur

Áætlun þessi byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þar sem segir m.a. að jafnréttisnefnd (Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja) skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum samfélagsins ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðréttu skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

## Leiðarljós

Markmið ofanefndra laga er að stuðla að jafnrétti kynjanna Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Lýðræðislegt samfélag byggir á því að allir einstaklingar séu jafnir fyrir lögum og njóti grundvallar mannréttinda án tillits til aldurs, kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, efnahags, ætternis, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu.

## Markmið

Markmið jafnréttisáætlunar Vestmannaeyjabæjar er að stuðla að því að kynjum sé ekki mismunað í þjónustu og starfsemi Vestmannaeyjabæjar og að bærinn veiti þjónustu sem gerir báðum kynjum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Með

jafnréttisáætluninni lýsir bæjarstjórn vilja sínum til að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Það skal gert með því samþætta jafnréttissjónarmið inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum bæjarins.

### **Framkvæmd**

Fjölskyldu- og tómstundaráð sem fer með hlutverk jafnréttisnefndar sveitarfélagsins skal vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kynjanna, ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og rétt kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Framkvæmdastjórar sviða bæjarins og starfsmannastjóri skulu sjá til þess að markmið jafnréttisáætlunar Vestmannaeyjabæjar verði hluti af starfsáætlunum í öllum málaflokkum bæjarins.

Framkvæmdastjórar sviða eru bæjaryfirvöldum, stofnunum og starfsmönnum bæjarins til aðstoðar í jafnréttismálum. Þeir vinna í samstarfi við forstöðumenn stofnana og nefndir bæjarins svo og aðra sem að jafnréttismálum koma. Fjölskyldu- og tómstundaráð hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttisáætlunar. Einnig er framkvæmdastjórum sviða falið að vera í samstarfi við Jafnréttisstofu og þá aðila sem getið er um í þessari áætlun og að afla upplýsinga um jafnréttismál og miðla þeim áfram.

### **Nefndir og ráð**

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skulu hlutföll kynjanna vera sem jöfnust. Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal leitast eftir að tilnefna karl og konu. Heimilt er að víkja frá ofangreindum skilyrðum þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu.

Bæjarstjórn beinir því til stjórnsmálaflokka að hafa þetta ákvæði að leiðarljósi þegar settar eru fram tillögur um fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir. Ráð og nefndir bæjarins skulu hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í störfum sínum og leitast við að flétta jafnréttismálin inn í starfsemi sína eftir því sem kostur er.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

Við upphaf hvers kjörtímabils þegar kosningar í nefndir og ráð hafa farið fram skal leggja fyrir Fjölskyldu- og tómstundaráð lista yfir hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum (aðal- og varamanna) á vegum Vestmannaeyjabæjar. Slíkt er á ábyrgð bæjarstjóra.

## **Starfsmannamál**

### **Auglýsingar og ráðningar**

Í auglýsingu um starf hjá Vestmannaeyjabæ skal koma fram að störfín séu opin báðum kynjum. Jafnréttissjónarmið skulu höfð til hliðsjónar við önnur sjónarmið þegar ráðið er í starf hjá Vestmannaeyjabæ. Halda skal í heiðri þeirri reglu að þeir sem ráðnir eru uppfylli þær faglegu kröfur sem gerðar eru til starfsins. Sé um að ræða störf þar sem hallar á annað kynið skal í auglýsingum um starf koma fram hvatning til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

- Í auglýsingum skal vera texti með hvatningu til beggja kynja að sækja um störf hjá sveitarfélaginu. Slíkt skal vera á ábyrgð forstöðumanna stofnanna sem og framkvæmdastjóra sviða.

### **Starfsaðstæður og kjör**

Konum og körlum er starfa hjá Vestmannaeyjabæ skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störf og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna. Tryggja verði að bæði kynin njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar svo og til að sækja námskeið og ráðstefnur sem haldnar eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf. Gerðar verða nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Tekið skal tillit til starfsmanna sem þurfa að taka á sig aukna fjölskylduábyrgð vegna óviðráðanlegra og eða brýnna fjölskylduaðstæðna. Tryggt verði að jafnréttismál verði fléttuð inn í starfsmannastefnu Vestmannaeyjabæjar.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

- Innleiða skal jafnlaunastefnu og sækja um jafnlaunavottun til að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnvermæt störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Unnið verði að því að fá þessa vottun á árinu 2019 og að jafnlaunastaðall sé innleiddur að fullu árið 2020. Verkefnið er á ábyrgð framkvæmdastjóra Stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

## **Kynbundin og kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi**

Kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum bæjarins. Vísað er til 22. gr. laga nr. 10/2008 um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni sem og 2. gr. jafnréttislaga. Sé yfirmanni, trúnaðarmanni og/eða starfsmannastjóra gert viðvart um slíka hegðun, ber viðkomandi, í samráði við forstöðumann eða eftir atvikum aðra yfirmenn stjórnarsýslunnar, tafarlaust að binda endi á hana. Þólandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstri úr starfi.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

-Framkvæmdastjórar sviða kalla eftir aðgerðaráætlunum við kynferðislegri og kynbundinni áreitni frá stofnunum annað hvert ár.

## **Fræðsla og ráðgjöf**

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi Vestmannaeyjabæjar bæði innan stofnana bæjarins og gagnvart bæjarbúum.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

-Boðið verði upp á fræðslu um jafnréttismál og starfsmenn sem og bæjarbúar upplýstir um leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna. Starfsmannastjóri sjái um slíka fræðslu með kynningarefni eða boð um fyrirlestra um málefnið.

## **Jafnréttisfræðsla í skólum og öðrum uppeldisstofnunum**

Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Í mennta- og uppeldisstofnunum og uppeldisstarfi á vegum Vestmannaeyjabæjar ber að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls án tillits til kynferðis. Áhersla skal lögð á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs, m.a. með kennslu um jafnréttismál. Í skólastarfi á vegum Vestmannaeyjabæjar skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

Sérstaklega skal hafa eftirfarandi í huga:

a. Að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál.

- b. Að námsefni mismuni ekki kynjum.
- c. Að í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf.
- d. Að sjálfstyrking verði sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum.
- e. Að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.
- f. Að styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni.
- g. Að skipuleggja félags- og tómstundastarf með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga.
- h. Að tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem Vestmannaeyjabær lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti jafnréttis kynja í hvívetna.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

- Skólar hafi jafnréttisáætlun. Ábyrgð: Fræðslufulltrúi.
- Skólar skili árlega til Fjölskyldu- og fræðslusviðs samantekt um aðgerðir í jafnréttismálum. Ábyrgð: Fræðslufulltrúi.

### **Íþrótt-, forvarna- og tómstundastarf**

Fjölskyldu- og tómstundaráð leggur áherslu á að veita stúlkum og drengjum sömu tækifæri til tómstunda- og íþróttaiðkunar og æskulýðs- og íþróttafélög skulu hvött til hins sama. Kynin skulu sitja jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Áhersla er lögð á að styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga verði bundnir þeim skilyrðum að kynjum sé ekki mismunað. Í tómstundastarfi á vegum Vestmannaeyjabæjar skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

- Æskulýðs-, íþrótt- og tómstundafulltrúi fylgi eftir jafnréttisáætlun gagnvart íþrótt- og æskulýðsfélögum og stuðli að fræðslu og umræðu um jafnréttismál..

### **Kynning á jafnréttisáætluninni**

Jafnréttisáætlun Vestmannaeyjabæjar skal kynnt öllum stjórnendum, starfsmönnum bæjarins og kjörnum fulltrúum.

*Aðgerðir og ábyrgðaraðili:*

-Kynningarefni um jafnrétti verði gert aðgengilegt fyrir stjórnendur stofnana. Ábyrgð: Starfsmannastjóri.

-Kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsmönnum verði boðið upp á fræðslu um stöðu jafnréttismála. Ábyrgð: Starfsmannastjóri.

-Framkvæmdastjórar sviða kalla eftir áætlunum stofnana sveitarfélagsins annað hvert ár.

**Endurskoðun**

Jafnréttisáætlun þessi skal endurskoðuð eigi síðar en ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar, sbr. 12. gr. laga nr. 10/2008.

*Samþykkt á 232. fundi fjölskyldu- og tómstundaráðs þann 26. ágúst 2019.*

*Staðfest á 1550. fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 29. ágúst 2019.*